

Reykjavík, 8. júní 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögum um fullnustu refsinga (bætt réttarstaða brotþola, fatlaðs fólks og aðstandenda) 518. mál.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent Ákærendafélagi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögum um fullnustu refsinga (bætt réttarstaða brotþola, fatlaðs fólks og aðstandenda).

Ákærendafélag Íslands styður frumvarpið og er að meginstefnu til sammála þeim breytingum sem þar eru lagðar til. Félagið gerir þó athugasemdir við eftirfarandi ákvæði frumvarpsins:

Í 6. gr. frumvarpsins er í hinum nýju málsgreinum einungis vísað til brotþola en áður hafði verið lagt til með 5. gr. frumvarpsins að fyrirvarismaður látins einstaklings gæti átt rétt á tilnefndum réttargæslumanni sem gæti svo síðar verið skipaður skv. a lið 6. gr. frumvarpsins. Telur félagið því rétt að það sé einnig skýrt í hinum nýju málsgreinum að fyrirvarismaður látins einstaklings eigi rétt á því að fá skipaðan réttargæslumann við meðferðar málsins fyrir Landsrétti og Hæstarétti.

Þá er í 7. gr. frumvarpsins lagt til að réttargæslumönnum verði heimilt að leggja stuttar og gagnorðar spurningar fyrir þá sem gefa skýrslu fyrir dómi um atriði sem varða annað en einkaréttarkröfur skjólstaðings hans og skýrslugjafi hefur ekki verið spurður um áður fyrir dómi. Það er mat félagsins að með þessu fari réttargæslumenn inn á verksvið ákærvaldsins en skv. 108. gr. laganna er það ákærvaldið sem ber sönnunarbyrðina í sakamálum. Það er því mat félagsins að fella beri þessa málsgrein brott og að ákvæði 46. gr. standi óbreytt hvað þetta varðar.

Í 8. gr. frumvarpsins er vísað til þess að réttargæslumaður skuli jafnskjótt og unnt er fá afrit af öllum skjölum máls sem varðar skjólstaðing hans, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn í málinu. Þá er talið upp í 3. mgr. ákvæðisins hvenær lögreglu er heimilt að synja um aðgang að ákveðnum skjölum og öðrum gögnum, bæði á rannsóknarstigi og við meðferð málsins fyrir dómi. Þar er meðal annars vísað til þess að „brýnir einkahagsmunir annarra en skjólstaðings hans [...] standa því í vegi“. Félagið gerir ekki athugasemdir við að brotþoli geti fengið aðgang að gögnum málsins en gerir þó athugasemdir við orðalagið „öllum skjölum“ og sömuleiðis á hvaða stigi máls réttargæslumaður getur óskað eftir gögnunum. Hvað varðar „öll skjöl“ málsins þá hafa einstaka skjöl hingað til ekki verið afhent réttargæslumönnum. Er hér um að ræða skjöl er varðar persónulega hagi ákærða, s.s. læknisfræðileg gögn, geðmat og önnur slík gögn. Þá hafa krufningsskýrslur jafnan ekki verið afhentar, til lögmanns aðstandenda hins látna, sem nú fengi stöðu réttargæslumanns. Þeim hefur þó verið heimilt að kynna sér slíkar skýrslur. Er það mat félagsins að orðalagið „brýnir einkahagsmunir annarra“ sé matskennt og bjóði upp á mismunandi afgreiðslur milli embætta og jafnvel einstakra starfsmanna sem taki ákvörðun um

afhendingu eða aðgengi að gögnum. Í greinargerðinni með 8. gr. frumvarpsins segir: „rannsóknargögn lögreglu geta innihaldið upplýsingar sem réttmætt er að leynt fari eftir því sem framast er unnt, til að mynda viðkvæmar persónulega upplýsingar um aðra brotþola í sama máli, auk þess sem aðrir hagsmunir, svo sem öryggi ríkisins eða almennings og samskipti við önnur ríki, geta komið til athugunar í þessu sambandi.“ Í þessari upptalningu er ekki minnst á viðkvæmar persónuupplýsingar um sakborning eða brotþola ef hann er látinn. Það er mat félagsins að það mætti skerpa á þessu, annað hvort í ákvæðinu sjálfu eða í greinargerðinni með lögnum. Þá er það mat félagsins að það megi undanskilja þessi gögn og að það feli ekki í sér neina skerðingu á réttarstöðu brotþola hvað aðgang að gögnum varðar. Þá er það mat félagsins að til að tryggja að engin réttarspjöll verði vegna afhendingu gagna að seinka mætti afhendingu gagna til réttargæslumanns, t.a.m. þangað til rannsókn telst lokið en þó áður en ákvörðun um afgreiðslu málsins er tekin svo þeim sé þá unnt að gera athugasemdir og benda á önnur vitni eða gögn sem réttargæslumaður telur að skipt geti máli. Þrjár til fimm vikur eru ekki langur tími fyrir rannsókn flókinna mála en vissulega mætti setja þessu eitthvað tímamark svo afhending eða kynning á gögnum dragist ekki úr hófi.

Með vísan til umfjöllunar um 7. gr. þá er það mat félagsins að rétt sé að fella á brott 12. gr. frumvarpsins.

Í 14. gr. frumvarpsins er lagt til að brotþola verði heimilt að leggja fram þau skjöl og sýnileg sönnunargögn sem hann hefur undir höndum. Það er mat félagsins að það færi betur á því að framlagning gagna væri í höndum ákærvaldsins enda ákærvaldið sem beri sönnunarbyrðina í málunum skv. 108. gr. laganna. Það væri e.t.v. hægt að auka rétt brotþola með því að heimila þeim að fá úrskurð dómara um framlagningu gagna, neiti ákærvaldið þeim um að leggja tiltekin gögn fram.

Að öðru leyti tekur félagið undir það sem fram kemur í frumvarpinu og telur það fela í sér mikla réttarbót fyrir þolendur og styrkja jafnframt réttarstöðu fatlaðra brotþola og vitna.

F.h. Ákærendafélags Íslands

Dagmar Ösp Vésteinsdóttir, formaður